

Vetrartalning hreindýra 22. - 30. mars 2014




*Skarphéðinn G. Þórisson
Rán Þórarinsdóttir*

Vetrartalning hreindýra 22. - 30. mars 2014

*Skarphéðinn G. Þórisson
Rán Þórarinsdóttir*

NA-140144 Egilsstaðir, desember 2014

Mynd á kápu: Vetrartalning úr TF KLÓ
Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson

 NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS		<input type="checkbox"/> Egilsstaðir
Skýrsla nr: NA-140144	Dags (mánuður, ár): Desember 2014	Dreifing: Opin – á www.na.is
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Vetrartalning hreindýra 22. - 30. mars 2014		Upplag: 25 Síðufjöldi: 19 Fjöldi korta: Fjöldi viðauka:
Höfundar: Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir		
Samvinnuaðilar: Ýmsir heimamenn, flestir hreindýraleiðsögumenn á Austurlandi		
Útdráttur: Náttúrustofa Austurlands fékk styrk úr Veiðikortasjóði 2013 til vetrartalningar á hreindýrum. Vegna tíðarfars var talningunni frestað um ár. Talið var á tímabilinu 22. til 30. mars 2014 af landi með hjálp heimamanna en auk þess taldi Náttúrustofan úr lofti. Talningin tókst einkar vel og fundust 4790 hreindýr sem var 40 færri en áætlaður vetrarstofn gerði ráð fyrir. Veiðistjóraembættið skipulagði vetrartalningar á hreindýrum með hjálp heimamanna árin 1991-1994 og 1997-1999. Náttúrustofu Austurlands var falin vöktun hreindýra árið 2000 og skipulagði vetrartalningar 2001-2003 og 2005. Samanburður á talningunni nú og fyrrum sýnir töluverðar breytingar. Ein mesta aukningin er í Vopnafirði. Fækkun er á veiðisvæði 2 sem stafar af tilflutningi yfir á veiðisvæði 6 og 7. Einnig fjölga dýrum á veiðisvæðum 8 og 9. Hafa ber í huga að hreindýrastofninn hefur tvöfaldast síðustu 2-3 áratugina. Talið er æskilegt að vetrartalningar verði á 3-5 ára fresti í framtíðinni.		
Lykilorð: Vetrartalning, hreindýr, fjöldi, dreifing		ISSN nr:
Yfirfarið: JÁJ		ISBN nr:

Efnisyfirlit


Inngangur	2
Talningarsvæði.....	2
Aðferðir.....	3
Niðurstöður vetrartalningar 2014	4
Veiðisvæði 1	5
Hreindýr norðan Vopnafjarðar	5
Vopnafjörður	6
Jökuldalur norðan Jöklu.....	7
Jökulsárhlíð.....	9
Veiðisvæði 2	9
Hróarstunga	9
Fell – Jökuldalur austan Jöklu	10
Fljótsdalur.....	10
Skógar og Vellir vestan Grímsár	10
Skriðdalur	11
Veiðisvæði 3	11
Eiða- og Hjaltastaðapinghá.....	11
Borgarfjörður eystri og Víkur.....	11
Veiðisvæði 4	11
Seyðis- og Mjóifjörður	11
Veiðisvæði 5	12
Reyðar- og Eskifjörður	12
Veiðisvæði 6	12
Skriðdalur austan Grímsár	12
Breiðdalur	13
Veiðisvæði 7	13
Beru- og Hamarsfjörður.....	13
Álftafjörður.....	14
Veiðisvæði 8	15
Lón.....	15
Nes.....	15
Veiðisvæði 9	15
Mýrar og Suðursveit.....	15
Vetrartalningar 1991-2014	16
Lokaorð	19
Heimildir.....	19

Inngangur

Veiðistjóraembættið skipulagði vetrartalningar á hreindýrum með hjálp heimamanna árin 1991-1994 og 1997-1999. Náttúrustofu Austurlands var falin vöktun hreindýra árið 2000 og skipulagði vetrartalningar 2001-2005. Náttúrustofa Austurlands fékk styrk úr Veiðikortasjóði 2013 til vetrartalningar á hreindýrum. Vegna tíðarfars var talningunni frestað um ár. Talið var síðan á tímabilinu 22. til 30. mars 2014. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðu talningarinnar og hún sett í samhengi við fyrri talningar.

Talningarsvæði

Talningarsvæðið náði til alls útbreiðslusvæðis hreindýra á Austurlandi (1. mynd). Ekki var þó talin þörf á að telja á stórum hlutum hálendisins þar sem snjóalög voru með mesta móti (2. mynd). Hér á eftir verður talning innan hvers veiðisvæðis (1. mynd) tekin fyrir í sér kafla.



1. mynd. Hreindýraveiðisvæði 2014 (kort Kristín Ágústsdóttir Náttúrustofu Austurlands).

Aðferðir

Til að sjá um talninguna var leitað til heimamanna (1. tafla) sem vel þekkja til og hafa oft í gegnum tíðina sent Náttúrustofunni upplýsingar um hreindýr. Margir þeirra höfðu einnig tekið þátt í fyrri vetrartalningum. Víða dugði að aka um vegi og slóða talningarsvæðisins en auk þess notuðu menn vélsleða, fjórhjól og bát. Stórir hópar voru myndaðir úr flugvél á Héraði og í Vopnafirði. Norðan Vopnafjarðar var ekki sérstakur talningarmaður en Náttúrustofan aflaði upplýsinga með símhringingum og leitaði í Bakkafirði úr flugvél.

1. tafla. Upplýsingar um talningarsvæði og talningarmenn veturinn 2014.

Talningarsvæði	Talningarmaður
Vopnafjörður	Pétur V. Jónsson, Teigi, Vopnafirði
Jökuldalur norðan Jöklu	Eiríkur Skjaldarson, Skjöldólfsstöðum, Jökuldal
Jökuldalur austan Jöklu og Fell	Ólafur Gauti Sigurðsson, Fellabæ
Jökulsárhlið - Hróarstunga	Halldór W. Stefánsson, Egilsstöðum
Fljótsdalur	Sveinn Ingimarsson, Sturluflöt, Fljótsdal
Borgarfjörður eystri og Víkur	Skúli Sveinsson, Borgarfirði eystri
Eiða- og Hjaltastaðapinghá	Stefán Kristmannsson, Egilsstöðum
Vellir og Skógar	Náttúrustofa Austurlands, Egilsstöðum
Skriðdalur	Magnús Karlsson/Einar Zóphoníasson, Skriðdal
Mjóifjörður	Sigfús Vilhjálmsson, Brekku, Mjóafirði
Seyðisfjörður	Ólafur Örn Pétursson, Seyðisfirði
Reyðarfjörður-Norðfjörður	Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson, Eskifirði
Breiðdalur-Fáskrúðsfjörður	Reimar Ásgeirsson, Egilsstöðum
Hamarsdalur-Berufjörður	Eiður Gísli Guðmundsson, Lindarbrekku, Berufirði
Álftafjarðardalir-Jökulsá í Lóni	Skúli Benediktsson, Djúpavogi
Lón-Nes-Mýrar-Suðursveit	Sigurður Guðjónsson, Borg á Mýrum



2. mynd. Óvenju snjópungt var á hálandinu í lok vetrar. Frá Smjörfjöllum að Snæfelli 30. mars 2014 (ljósm. SGB).

Niðurstöður vetrartalningar 2014

Samtals fundust 4790 hreindýr í vetrartalningu hreindýra í mars 2014 (2. tafla). Þegar niðurstöður talninganna eru bornar saman við áætlaðan fjölda hreindýra veturinn 2013-2014 samkvæmt mati Náttúrustofu Austurlands á mismunandi svæðum (Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2014) vantar 40 dýr upp á áætlun (3. tafla). Samkvæmt því er ljóst að talningin hefur tekist afskaplega vel. Tvennt ber að nefna sem tryggir þessa góðu niðurstöðu, annars vegar öflugt lið talningarmanna svo og snjóalög. Viðast hvar var snjór með mesta móti til fjalla en nær autt á láglendi og inn til dala.

2. tafla. Samantekt á niðurstöðum breindýratalninga í mars 2014 eftir svæðum, kyni og aldri. **H♀**: :hyrndar kýr, **K♀**: :kollóttar kýr, **V**: á 1. vetri (10 mánaða), **2♂**: :tarfur á 2. vetri, **U♂**: :ungur tarfur (2-3ára), **Ad♂**: :fullorðinn tarfur (≥3ára).

Vetrartalning 2014	H♀	K♀	V	2♂	U♂	Ad♂	ógreind	Samtals
Pistilfjörður-Bakkafjörður							83	83
Vopnafjörður	218	8	152	4	30	48	160	620
Jökuldalur N	47	0	45	0	24	1	0	117
Jökuldalur A	20		10	1		4		35
Fell			3	0	20	30	0	53
Jökulsárhlið-Tunga	30	1	20	3	25	11	26	116
Fljótsdalur	90	0	37	0	0	43	27	197
Borgarfjörður	2	0	1	0	0	36	0	39
Víkur							100	100
Hjaltastaðapinghá	49	2	22	0	21	17	0	111
Eiðapinghá							21	21
Vellir	10	0	14	3	0	60	15	102
Skriðdalur	59	15	46	9	9	19	5	162
Mjóifjörður								0
Seyðisfjörður	43	6	17	0	14	3	0	83
Reyðarfjörður						48	106	154
Sandvíkurhjörð	1	0	0	0	0	86	91	178
Breiðdalur	198	27	129	0	70	240	62	726
Berufjörður-Hamarsdalur	247	72	144	0	46	140	0	649
Álftafjörður	190	31	115	0	86	64	47	533
Lón	132	19	69	0	45	81	44	390
Nes	23	0	3	0	17	31	2	76
Mýrar	76	5	36	0	37	22	50	226
Suðursveit					16	3		19
Samtals	1435	186	863	20	460	987	839	4790



3. mynd. Horft upp Jökuldal. Viðast hvar autt á láglendi, 30. mars 2014 (ljóm. SGB).

3. tafla. Samanburður á niðurstöðum breindýratalninga í mars 2014 og áætluðum vetrarstofni á veiðisvæðum.

	mars 2014	talið	áætlað	mismunur
1	Norðurheiðahjörð	852	700	152
2	Fljótsdalshjörð	567	600	-33
3	Víknahjörð	271	300	-29
4	Fjarðahjörð	149	150	-1
5	Fjarðabyggðarhjörð	332	410	-78
6	Axarhjörð	726	550	176
7	Álftafjarðarhjörð	1182	1500	-318
8	Lónshjörð	466	400	66
9	Mýrahjörð	245	220	25
	Samtals	4790	4830	-40

Veidisvæði 1

Hreindýr norðan Vopnafjarðar

Samhliða fjölgun hreindýra á veiðisvæði 1 hafa þau leitað norður fyrir Vopnafjörð. Hefur það einkum verið að sumarlagi en til að kanna stöðuna í vetur var haft samband við heimamenn. Þrjú dýr sáust sunnan við Arnarfjöll (Flár) í fyrri hluta mars (Gunnlaugur Ólafsson Hallgilsstöðum, símtal 26. 3. 2014).

Einar G. Þorláksson Svalbarði (símtal 27. 3. 2014) sá sjö dýr í Búrfellsheiði um 20. mars – eitt líklega hyrnd kýr en öll dýrin svipuð að stærð. Hann fer þarna stundum um í apríl og júníbyrjun en hefur aldrei rekist á hreindýr áður. Mikið heiðagæsavarp er á þessum slóðum og alltaf að aukast. Hefur tint egg úr hreiðrum með Svalbarðsá frá suðurenda Flautafells og inn að fossi. Hafliði Jónsson (símtal 27. 3. 2014) sá 20. mars allstóran hóp neðan Skeggiastaða. Í vetur var stór hópur á há Sandvíkurheiði. Í nóvember 2013 var eitt dýr að þvælast við Dalhús. Í fyrravetur var um 50 dýra hópur allan seinni part vetrar – sá þau oft innan við Bakka. Um vorið var ein kýr blóðug að aftan en enginn kálfur sjáanlegur.

Bragi Benediktsson Grímsstöðum á Fjöllum (símtal 27. 3. 2014) hefur lítið farið þó aðeins í kringum Grímsstaði en ekkert séð.

Ómar Gunnarsson Efri Hólum á Melrakkaslétu (símtal 7. 4. 2014) sá þrjú dýr upp á Öxarnúpi 28. mars. Einhverjir eltu slóðina suður undir Grímsstaði en sáu ekki dýrin.

Friðbjörn Haukur Guðmundsson, Hauksstöðum hringdi 9. apríl og sagði frá því að hann hefði heyrt að hópurinn norður í Bakkafirði væru 67 dýr.

Í flugi Náttúrustofunnar þann 30. mars sást mikið af slóðum í og við Viðvíkurdal svo og á Digranesi og á há Sandvíkurheiði. Ekki er fyllilega ljóst hvort þær voru allar eftir dýrin á Langaneströnd og eða hópinn sem Sigurvin Þórhallsson sá 31. mars (6. mynd og 5. tafla). Niðurstöður talninga norðan Vopnafjarðar eru sýndar í 4. töflu.

4. tafla. Upplýsingar um hreindýr norðan Vopnafjarðar í marslok 2014.

Talningarmaður	hvar	hvenær	ógreind hreindýr
Gunnlaugur Ólafsson	Flár sunnan Arnarfjalla	Byrjun mars	3
Einar G. Þorláksson	Búrfellsheiði	20.3.2014	7
Hafliði Jónsson	Bakkafjörður	20.3.2014	~70
Ómar Gunnarsson	Öxarnúpur	28.3.2014	3
Samtals			83

Vopnafjörður

Um 300 dýr fóru inn fyrir Teig í seinni hluta mars. Friðbjörn Haukur sá um 200 dýr innan við Hauksstaði og þá voru 53 tarfar nálægt Felli. Einn vetrungur hélt sig við Einarstaði (Pétur Jónsson, Teigi, 26. 3. 2014).

Flogið var um Vopnafjörð og gamla Skeggjastaðahrepp í blíðskapar veðri 30. 3. 2014 á TF KLÓ, flugmaður Benedikt Ólason og Jón Ingi Sigurbjörnsson til aðstoðar. Hópurinn við Hauksstaði (4. mynd) fannst strax og Pétur í Teigi vísaði síðan á hinn hópinn undir Rjúpnafellinu (5. mynd).

Flogið um Sandvíkurheiði og var mikið af slóðum í Viðvíkurdal og á Digranesi. Breið slóð yfir há Sandvíkurheiði með stefnu á Skeggjastaði. Dýrin fundust ekki en hugsanlega var það eftir hópinn sem menn höfðu orðið varir við frá Hólkná að Bakka í Bakkafirði.



4. mynd. Hópur (161 breindýr) við Hauksstaði 30. mars 2014 (ljósm. SGB).



5. mynd. Hópur (227 breindýr) austur undir Rjúpnafelli 30. mars 2014 (ljósm. SGB).

Þann 31. 3. 2014 keyrði Sigurvin Þórhallsson fram á hóp við Hámundarstaðaöxl stutt vestan Þjóðveggar. Áætluð 80 dýr á mynd og að upp á vanti um 20 svo þarna voru um 100 dýr. Sigurvin sagði einnig frá því að tarfahópur hefði verið við Ytri Nýpur en fjöldi ekki þekktur. Niðurstöður talninga í Vopnafirði eru dregnar saman í 5. töflu.



6. mynd. Um 80 dýr við Hámundarstaðaöxl 31. mars 2014 (ljósm. Sigurvin Þórhallsson).

5. tafla. Niðurstöður talninga í Vopnafirði.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	U♂	Ad♂	ógreind	Samtals
Pétur V. Jónsson	Hof	25.3.					8			8
Pétur V. Jónsson	við Fell	25.3.							57	57
Pétur V. Jónsson	Egilsstaðir	29.3.						24		24
Pétur V. Jónsson	Síreksstaðir	30.3.						21		21
NA flug	Hauksstaðir	30.3.	87	6	59	3	6			161
NA flug	Rjúpnafell	30.3.	131	2	91	1	2			227
NA flug	ofan Deildarfells	30.3.			2		14	3		19
Sigurvin Þórhallsson	Hámundarstaðaöxl	31.3.							100	100
Eiríkur Skjaldarson	móti Brunahvammi	29.3.							3	3
Samtals			218	8	152	4	30	48	160	620

Jökuldalur norðan Jöklu

Eiríkur Skjaldarson sá um talningu. Hann fór vítt og breitt um heiðar en fann hvorki dýr né sá slóðir. Einu dýrin sem fundust voru í byggð. Þann 4. apríl voru hreindýr mynduð og talin á Jökuldal eftir að Eiríkur lét vita að þau væru í „skotfæri“ (6. tafla). Við Skjöldólfsstaði var eyrnamerkur fullorðinn tarfur og kýr með hálsól bæði ættuð frá Klausturseli (8.-9. mynd).

6. tafla. Niðurstöður talninga á Jökuldal norðan Jöklu 2014.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	U♂	Samtals
Eiríkur Skjaldarson/NA	Hjarðargrund Skjöldólfsstaðir II	23.3./4.4.	36	2	40	6	7	91
Eiríkur Skjaldarson/NA	Milli Skjöldólfsstaðabæja	30.3./4.4.	4		9		1	14
Eiríkur Skjaldarson/NA	Hofteigur	30.3./4.4.	5	1	3		2	11
Samtals			45	3	52	6	10	116



7. mynd. Hreindýr ofan og utan við Skjöldólfsstaði II 4. mars 2014 (ljósm. SGP).



8. mynd. Klausturselskjár við Skjöldólfsstaði 4. apríl 2014 (ljósm. SGP).



9. mynd. Klausturselstarfur við Skjöldólfsstaði 4. mars 2014 (ljósm. SGP).

Jökulsárhlíð

Halldór W. Stefánsson sá um talninguna.

Þriðjudagur 25. 3. 2014: Slóðir eftir 10-15 ógreind hreindýr milli Brúaráss og Sellands. Samkvæmt Rúnari Guðmundssyni á Hrafnabjörgum voru 8 ógreind hreindýr á Selbjörgum þann 20. mars 2014.

Þriðjudagur 8. 4. 2014: Hringt í Guðleif Þórarinsson í Másseli og hann inntur eftir hreindýrum. Fjögur dýr búin að vera lengi þar á milli Mássels og Grófarsels og eru jafnvel enn, ógreind. Hringt í Snæbjörn Ólason á Hauksstöðum. Hann fór með Eiríki Skjaldarsyni um daginn og sáu þeir 14 dýr fyrir ofan Hauksstaði. Telur að það séu sömu dýrin og voru milli Brúaráss og Sellands. Niðurstöður talninganna eru sýndar í 7. töflu.

7. tafla. Niðurstöður breindýratalinga í Jökulsárhlíð.

Talningarmaður		dagsetning	ógreind	Samtals
Rúnar Guðmundsson	Selbjörg í Hlíð	20.3.2014	8	8
Snæbjörn Ólason	Brúaráss-Selland	25.3.2014	14	14
Guðleifur Þórarinsson	Mással í Hlíð	8.4.2014	4	4
Samtals			26	26

Veidivæði 2

Hróarstunga

Halldór W. Stefánsson sá um talninguna. Einnig var leitað úr flugvélinni TF KLÓ þann 29. mars 2014, flugmaður Halldór Bergsson og Jón Ingi Sigurbjörnsson til aðstoðar.

Föstudagur 28. 3. 2014: Slóðir eftir sex hreindýr hjá Straumi í Hróarstungu (ath. sama og við Litla Steinsvað). Sex tveggja vetra tarfar við Litla Steinsvað, hyrndir nema einn einhyrndur. Slóðir eftir um fjögur ógreind hreindýr í Steinsvaðsfelli vestanverðu milli Lagarfoss og húsa. Tólf fullorðnir kollóttir tarfar við veginn á móts við Hafrafell-Grímstorfu. Niðurstöður talninganna eru sýndar í 8. töflu.

8. tafla. Niðurstöður breindýratalinga í Hróarstungu.

Talningarmaður		dagsetning	H♀	K♀	V	2♂	U♂	Ad♂	Samtals
Halldór W. Stefánsson	Litla Steinsvað	29.3.2014					6		6
NA flug	Kirkjubær	29.3.2014	25	1	19	2	8		55
NA flug	Húsey	29.3.2014	5		1	1	11	11	29
Samtals			30	1	20	3	25	11	90

Jóhann G. Gunnarsson sá slóðir í Heiðarenda 1. apríl. Eiríkur Skjaldarson sá hóp við Flúðir og var hann skoðaður 4. apríl 2014. Allar líkur eru á að þar væru sömu dýr á ferð og voru út við Kirkjubæ þann 29. mars 2014 (9. tafla).

9. tafla. Samanburður á hópum í Tungu.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	U♂	Samtals
NA flug	Kirkjubær	29.3.2014	25	1	19	2	8	55
NA flug	Flúðir	4.4.2014	30	1	19	2	5	57

Fell – Jökuldalur austan Jöklu

Ólafur Gauti Sigurðsson sá um talninguna. Fór hann m.a. á vélsleða með heiðabrunum inn í Hrafnkelsdal. Slóðir sáust hjá Ási og Hofi. Niðurstöður eru sýndar í 10. töflu.

10. tafla. Niðurstöður breindýratalinga í Fellum og Jökuldal austan Jöklu.

Talningarmaður		Dags.	H♀	V	2♂	U♂	Ad♂	Samtals
Ólafur G Sigurðsson	Skeggjastaðir gengt Hofteigi	23.3.2014	20	10	1		4	35
Ólafur G Sigurðsson	tún við Áskirkju	23.3.2014					2	2
Ólafur G Sigurðsson	Timburtjörn utan Fellabæjar	23.3.2014		3		8	28	39
Halldór W. Stefánsson	undir Grímstorfu	29.3.2014				12		12
Samtals			20	13	1	20	34	88

Fljótsdalur

Sveinn Ingimarsson sá um talninguna og fór m.a. á vélsleða um heiðar. Niðurstöður talningarinnar eru sýndar í 11. töflu.

11. tafla. Niðurstöður breindýratalinga í Fljótsdal.

Talningarmaður		Dags.	H♀	V	Ad♂	ógreind	Samtals
Sveinn Ingimarsson	Við Arnaldsstaði	22.3.2014	11	6	7		24
Sveinn Ingimarsson	Við Jökulsárbrú	22.3.2014	1				1
Sveinn Ingimarsson	Neðan við Skriðuklaustur	22.3.2014			2		2
Sveinn Ingimarsson	Innan við Skriðu	22.3.2014	4		2		6
Sveinn Ingimarsson	Ofan við Hvamm	22.3.2014	2	3			5
Sveinn Ingimarsson	Við Mela	22.3.2014	30		11	21	62
Sveinn Ingimarsson	Ofan við Hjarðarból	23.3.2014	39	28	14		81
Sveinn Ingimarsson	Við Hól	26.3.2014	3			6	9
Sveinn Ingimarsson	við Arnheiðarstaði	29.3.2014			7		7
Samtals			90	37	43	27	197

Skógar og Vellir vestan Grímsár

Náttúrustofan sá um talninguna. Ekið var um og dýrin talin. Hópur sem hafði verið við Buðlungavelli fannst ekki og því notast við talningu Sveins Ingimarssonar. Niðurstöður eru sýndar í 12. töflu.

12. tafla. Niðurstöður breindýratalinga á Völlum vestan Grímsár og í Skógum.

Talningarmaður		Dags.	H♀	V	2♂	Ad♂	ógreind	Samtals
NA	við Iðavelli	23.3.2014	1		1	17		19
Sveinn Ingimarsson	Buðlungavellir - Skjögrastaðir	26.3.2014					15	15
NA	við Gilsá	26.3.2014				2		2
Samtals			1		1	19	15	36

Skriðdalur

Magnús Karlsson og Einar Zóphoniásson sáu um talninguna. Farið var á vélsleða inn Hallormsstaðaháls. Einnig leitaði Náttúrustofan úr flugvél þann 29. mars og voru tveir hópar myndaðir eftir ábendingu talningamanna. Niðurstöður eru sýndar í 13. töflu.

13. tafla. Niðurstöður breindýratalinga í Skriðdal.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	U♂	Samtals
NA flug	Skriðdalur - Vað	29.3.2014	29	12	24	6	5	76
NA flug	Skriðdalur - Vað	29.3.2014	27	3	19	3	4	56
Samtals			56	15	43	9	9	132

Veidisvæði 3

Eiða- og Hjaltastaðapinghá

Stefán Kristmannsson sá um talninguna og eru niðurstöður sýndar í 14. töflu.

14. tafla. Niðurstöður breindýratalinga í Eiða- og Hjaltastaðapinghá.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	U♂	Ad♂	ógreind	Samtals
Stefán Kristmannsson	Hjaltastaðapinghá, Heyskálar	23.3.2014	31	1	12	6	2		52
Stefán Kristmannsson	Norðan Klúku	23.3.2014	18	1	7	9			35
Stefán Kristmannsson	Ketilsstaðir, Beitarhústún	23.3.2014			3	6	15		24
Stefán Kristmannsson	Eiðapinghá ofan Gilsárteigs	29.3.2014						21	21
Samtals			49	2	22	21	17	21	132

Borgarfjörður eystri og Víkur

Skúli Sveinsson sá um talninguna. Samkvæmt mönnum sem farið höfðu um Loðmundarfjörð á vélsleðum voru engin dýr þar. Niðurstöður eru sýndar í 15. töflu.

15. tafla. Niðurstöður breindýratalinga á Borgarfirði eystri og í Víkum.

Talningarmaður		Dags.	H♀	V	Ad♂	ógreind	Samtals
Skúli Sveinsson	Lómatjörn	26.3.2014	2	1			3
Skúli Sveinsson	Nes	26.3.2014			22		22
Skúli Sveinsson	Hofstrandarskarð	26.3.2014			4		4
Skúli Sveinsson	Gilsárvellir	26.3.2014			10		10
Skúli Sveinsson	Breiðuvík	26.3.2014				40	40
Skúli Sveinsson	Húsavík	26.3.2014				60	60
Samtals			2	1	36	100	139

Veidisvæði 4

Seyðis- og Mjóafjörður

Ólafur Örn Pétursson sá um talninguna í Seyðisfirði. Sigfús Vilhjálmsson sigldi um Mjóafjörð en sá engin hreindýr og ekkert hefur borið á þeim þar í vetur. Niðurstöður eru sýndar í 17. töflu. Náttúrustofan taldi á Völlum sem tilheyrir veidisvæði 4 (16. tafla).

16. tafla. Niðurstöður breindýratalninga á Völlum.

Talningarmaður		Dags.	H♀	V	2♂	Ad♂	ógreind	Samtals
NA	Egilsstaðatún	22.3.2014	9	14	2	41		66

17. tafla. Niðurstöður breindýratalninga í Seyðis- og Mjóafirði.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	U♂	Ad♂	Samtals
Sigfús Vilhjálmsson	Mjóifjörður							0
Ólafur Örn Pétursson	Seyðisfjörður	23.3.2014				7	3	10
Ólafur Örn Pétursson	Seyðisfjörður	23.3.2014	37	6	14	7		64
Ólafur Örn Pétursson	Seyðisfjörður	23.3.2014	6		3			9
Samtals			43	6	17	14	3	83

Veidisvæði 5

Reyðar- og Eskifjörður

Sævar Guðjónsson og Páll Leifsson sáu um talninguna. Nú fundust aðeins um 150 dýr í Reyðarfirði en voru um 180 við Hólma þann 2. febrúar í vetur (Páll Leifsson, dagbók). Talið var hugsanlegt að það sem upp á vantaði væri í Fáskrúðsfirði en ekkert benti til þess að svo væri. Niðurstöður eru sýndar í 18. töflu.

18. tafla. Niðurstöður breindýratalninga í Fjarðabyggð norðan Fáskrúðsfjarðar.

Talningarmaður		Dags.	H♀	Ad♂	ógreind	Samtals
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	Hólmar Reyðarfirði	25.3.2014		32	106	138
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	Áreyjar	25.3.2014		11		11
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	Þernunes, Reyðarfjörður	26.3.2014		5		5
Gerður Guðmundsdóttir	ofan Neskaupstaðar	26.3.2014	1	18		19
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	ofan Eskifjarðar	22.3.2014		14		14
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	ofan við Mjóeyri	23.3.2014		6		6
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	Karlsskáli	26.3.2014		26		26
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	Ímastaðir, Vöðlavík	28.3.2014			71	71
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	Karlsskálfjall	28.3.2014		20		20
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	Bæjarstæði á Barðsnesi	28.3.2014		2		2
Sævar Guðjónsson/Páll Leifsson	Vöðlavík/Viðfjörður	28.3.2014			20	20
Samtals			1	134	197	332

Veidisvæði 6

Skriðdalur austan Grímsár

Magnús Karlsson og Einar Zóphoniásson sáu um talninguna. Niðurstöður eru sýndar í 19. töflu.

19. tafla. Niðurstöður breindýratalninga í Skriðdal.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	Ad♂	ógreind	Samtals
Magnús Karlsson	Skriðdalur Mið-Sandfell	29.3.2014				19		19
Einar Zóphoniásson	Víðidalur (Skarðshryggur)	29.3.2014	3		3		5	11
Samtals			3		3	19	5	30

Breiðdalur

Reimar Ásgeirsson sá um talninguna og eru niðurstöður sýndar í 20. töflu. Hann leit líka eftir dýrum í Fáskrúðsfirði en án árangurs.

20. tafla. Niðurstöður breindýratálninga í Breiðdal 2014.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	U♂	Ad♂	ógreind	Samtals
Reimar Ásgeirsson	Ljósáraur í Suðurdal	28.3.	28	8	23	2			61
Reimar Ásgeirsson	Innst á Ljósárum	28.3.	56	6	35	4			101
Reimar Ásgeirsson	Í A-hlíðum Skammadals	28.3.	30	4	25	2		4	65
Reimar Ásgeirsson	Við Gljúfrahyl í Breiðdalsá	28.3.					51		51
Reimar Ásgeirsson	Skammadalur	28.3.						52	52
Reimar Ásgeirsson	Skjöldólfsstaðir	28.3.						6	6
Reimar Ásgeirsson	Þrívörður við Lágafell	28.3.			4	23	6		33
Reimar Ásgeirsson	Innan við Heydali	28.3.					22		22
Reimar Ásgeirsson	Heydalafjall	28.3.			2	3	26		31
Reimar Ásgeirsson	Húsahraun	28.3.					8		8
Reimar Ásgeirsson	Kleifardalur	28.3.	1			2	31		34
Reimar Ásgeirsson	Hlíðarendamóar (á túninu)	28.3.	45	5	23	14	30		117
Reimar Ásgeirsson	Nestagl utan við Ásgarð	28.3.	38	4	17				59
Reimar Ásgeirsson	Beitarhús frá Þverhamri	28.3.				20	63		83
Reimar Ásgeirsson	Skjöldólfsstaðanes	28.3.					3		3
Samtals			198	27	129	70	240	62	726

Veidivæði 7

Beru- og Hamarsfjörður

Eiður Gísli Guðmundsson á Lindarbrekku sá um talninguna. Fór akandi með ströndinni en einnig á vélsleða um heiðar. Niðurstöður eru sýndar í 21. töflu.

21. tafla. Niðurstöður breindýratálninga í Beru- og Hamarsfirði 2014.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	Ad♂	Samtals
Eiður Gísli Guðmundsson	Hvannabrekka	22.3.	53	10	20	12		95
Eiður Gísli Guðmundsson	Gautavík	22.3.				6	38	44
Eiður Gísli Guðmundsson	Búlandsdalur	23.3.	16	1	5	2		24
Eiður Gísli Guðmundsson	Búlandsdalur	23.3.	27	12	13			52
Eiður Gísli Guðmundsson	Djúpivogur	23.3.	1		2	2	91	96
Eiður Gísli Guðmundsson	Henglavík	23.3.	1	1	9	2		13
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarssel	23.3.	17	7	16	3	2	45
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	7	2	4	2		15
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	20	5	8	4		37
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	17		5			22
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	13	6	12			31
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	4		4	2		10
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	12	8	12			32
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	5	2	2			9
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	7	4	5	5		21

Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	7					7
Eiður Gísli Guðmundsson	Hamarsdalur	23.3.	29	14	23	6		72
Eiður Gísli Guðmundsson	Berufjarðardalur	23.3.	11		4			15
Eiður Gísli Guðmundsson	Berunes	26.3.					9	9
Samtals			247	72	144	46	140	649

Álftafjörður

Skúli Benediktsson sá um talninguna og fór akandi frá Djúpavogi. Nokkuð erfitt var að koma auga á smá hópa inn í dölunum og eflaust eitthvað orðið eftir þar. Niðurstöður talningarinnar eru sýndar í 22. töflu.

22. tafla. Niðurstöður breindýratálninga 2014 í Álftafirði og dölum að sveitafélagamörkum á Krossanesi.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	Ad♂	ógreind	Samt.
Skúli Benediktsson	Bragðavellir, tún við Selá	22.3.			1	2	1		4
Skúli Benediktsson	Þakeyri, Hamarsfjörður	22.3.	2		3	4	1		10
Skúli Benediktsson	Brunnhóll, Hamarsfjörður	22.3.					2		2
Skúli Benediktsson	Skjól, Melrakknes	22.3.			2	4	2		8
Skúli Benediktsson	Melrakknes, Kálfaaurar	22.3.	8	2	7		3		20
Skúli Benediktsson	Blábjörg	22.3.	13	2	9		6		30
Skúli Benediktsson	Geithellar, Einidalur	22.3.	5	1	3				9
Skúli Benediktsson	Geithellar, tún	22.3.	4	1		1			6
Skúli Benediktsson	Virkishólar, Geithelladal	22.3.	10	2	1	3	1		17
Skúli Benediktsson	Sæluskríða, Geithelladal	22.3.	14	1	5	4			24
Skúli Benediktsson	Kambsel, Geithelladal	22.3.					1		1
Skúli Benediktsson	Myrkvidalur, Geithelladal	22.3.	17	2	4	2			25
Skúli Benediktsson	Myrkvidalur, Geithelladal	22.3.			2	4	2	7	15
Skúli Benediktsson	Ræningjalágar, Múladal	22.3.	1		3				4
Skúli Benediktsson	Fornasel, Múladal	22.3.	10	4	6	4	6		30
Skúli Benediktsson	Hof, tún	22.3.	18	3	6	4		6	37
Skúli Benediktsson	Hof, Blesastaðir	22.3.	8	1	1	2			12
Skúli Benediktsson	Hof, tún	22.3.	4		7	3	1		15
Skúli Benediktsson	Hof, Staðarhraun	22.3.	18	4	4			2	28
Skúli Benediktsson	Eyðikinn, Hofsdal	22.3.	3		2	3	2		10
Skúli Benediktsson	Kúalágar, Hofsdal	22.3.	2		2	6	1	5	16
Skúli Benediktsson	Timburás, Hofsdal	22.3.	5	3	1		2		11
Skúli Benediktsson	Hofsáreyrar	23.3.						27	27
Skúli Benediktsson	Flugustaðir	23.3.				2	2		4
Skúli Benediktsson	Starmýri, Vogar	23.3.	9	2	1				12
Skúli Benediktsson	Starmýri, tún - Seldalur	23.3.	15		8	14	12		49
Skúli Benediktsson	Hnaukar	23.3.	2	1	4	3	3		13
Skúli Benediktsson	Þvottá - Fauskasel	23.3.	13		22	15	13		63
Skúli Benediktsson	Krossanes	23.3.	9	2	11	6	3		31
Samtals			190	31	115	86	64	47	533

Veidivæði 8

Lón

Skúli Benediktsson taldi austurhlutann að Jökulsá í Lóni og Sigurður Guðjónsson á Borg á Mýrum taldi vestan jökulsár. Samandregnar niðurstöður eru sýndar í 23. töflu.

23. tafla. Niðurstöður breindýratalninga í Lóni 2014.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	Ad♂	ógreind	Samtals
Skúli Benediktsson	Hvaldalur	23.3.	7		4	5	18		34
Skúli Benediktsson	austan Tófuorns	23.3.	14	2	5				21
Skúli Benediktsson	Vík, tún	23.3.	2	1	4	1	5		13
Skúli Benediktsson	Reyðará, tún-teigar	23.3.	14	8	18	10	20		70
Skúli Benediktsson	Rif vestan Hvalnes	23.3.					5		5
Skúli Benediktsson	Stafafell, tún	23.3.	13	1		2			16
Skúli Benediktsson	Stafafell, tún	23.3.	3		3	1		10	17
Skúli Benediktsson	Hlíð, tún	23.3.	2			7	14		23
Skúli Benediktsson	Reyðará, Karlsfell	23.3.	8	2	3	1			14
Skúli Benediktsson	Hraunkot, mýrar	23.3.			1		1	6	8
Sigurður Guðjónsson	Þorgeirstaðir	23.3.	14		4				18
Sigurður Guðjónsson	Volasel	23.3.	1		1		2		4
Sigurður Guðjónsson	Hvammur	23.3.	43	5	13	10			71
Sigurður Guðjónsson	Þórisdalur, tún	23.3.	9		10	7	16		42
Sigurður Guðjónsson	Laxárdalur	23.3.	2		3	1			6
Sigurður Guðjónsson	Vestan Dímu	29.3.						28	28
Samtals			132	19	69	45	81	44	390

Nes

Sigurður Guðjónsson taldi hreindýr í Nesjum og eru niðurstöður sýndar í 24. töflu.

24. tafla. Niðurstöður breindýratalninga í Nesjum 2014.

Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	Ad♂	ógreind	Samtals
Sigurður Guðjónsson	Gildrasker	29.3.					3		3
Sigurður Guðjónsson	Stóralág	29.3.	15		1		7	2	25
Sigurður Guðjónsson	Vestan Bergá	29.3.				2	6		8
Sigurður Guðjónsson	Bergárdalur	29.3.	1			2	2		5
Sigurður Guðjónsson	Laxárdalur	29.3.	7		2	10			19
Sigurður Guðjónsson	Meðalfell	29.3.					1		1
Sigurður Guðjónsson	Hoffellssandur	29.3.				3	12		15
Samtals			23	0	3	17	31	2	76

Veidivæði 9

Mýrar og Suðursveit


Sigurður Guðjónsson taldi hreindýr á Mýrum og í Suðursveit og eru niðurstöður sýndar í 25. töflu.

25. tafla. Niðurstöður breindýratalninga á Mýrum og í Suðursveit 2014.


Talningarmaður		Dags.	H♀	K♀	V	2♂	Ad♂	ógreind	Samtals
Sigurður Guðjónsson	Borg	27.3.				4	20		24
Sigurður Guðjónsson	Flatey, tún	27.3.	10	3	4	8			25
Sigurður Guðjónsson	Austan við Kolgrímu	27.3.	22	2	7	6			37
Sigurður Guðjónsson	Eskey	27.3.					2		2
Sigurður Guðjónsson	Þingskalahólar	27.3.	44		25	19		50	138
Sigurður Guðjónsson	Staðarfjall í Suðursveit	27.3.				16	3		19
Samtals			76	5	36	53	25	50	245

Vetrartalningar 1991-2014


Veiðistjóraembættið skipulagði vetrartalningu hreindýrastofnsins með hjálp heimamanna árin 1991-1994 og 1997-1999 (Veiðistjóraembættið). Árið 2000 tók Náttúrustofa Austurlands við hlutverkinu og skipulagði vetrartalningar 2001-2003 (Náttúrustofa Austurlands 2001, Skarphéðinn G. Þórisson 2003, Rán Þórarinsdóttir 2004) og 2005 (Rán Þórarinsdóttir 2005) og svo nú 2014. Áætlaður vetrarstofn hreindýra á þessum tímabilum og 2014 er sýndur á 10. mynd. Þar sést að fjöldinn hefur tæplega tvöfaldast frá síðasta áratug síðustu aldar. Á 11. mynd eru þessi tímabil og 2014 borin saman. Til að átta sig betur á breytingum er meðaltal vetrartalninga 1991-2005 borið saman við 2014 (12. mynd). Þar sést að tölurverðar breytingar hafa orðið á fjölda og dreifingu dýranna. Í vetrartalningum frá 1991 til 2005 voru flest dýrin í Fljótsdal og á Jökuldal. Nú eru hins vegar flest dýrin á svæðinu sem tilheyrir gamla Geithellnahreppi og Breiðdal sem að hluta skýrist af tilflutningi dýra af svæði 2 yfir á svæði 6 og 7. Einnig hefur orðið veruleg fjölgun í Lóni og á Mýrum. Ein mesta breytingin er þó í Vopnafirði og samhliða því fundust líka dýr í Bakkafirði og Þistilfirði.




10. mynd. Áætlun vetrarstofnstærð breindýra á þessum tímabilum og 2014.



11. mynd. Vetrartalningar Veidistjóraembættisins 1991-1999 og Náttúrustofu Austurlands frá og með árinu 2001. Meðaltöl þriggja tímabila borin saman við niðurstöður talningar 2014. Svæðisskipting byggir á gömlu hræppunum.



12. mynd. Meðaltal vetrartalninga 1991-2005 borið saman við niðurstöður talningar 2014. Svæðisskipting byggir á gömlu hreppunum.



13. mynd. Horft út Hróarstungu frá Kirkjubæ, 30. mars 2014 (ljósm. SGB).

Lokaorð

Vetrartalningar eru nauðsynlegar til að afla gagna um fjölda og dreifingu hreindýranna ekki hvað síst í ljósi mats Náttúrustofu Austurlands á ágangi hreindýra sem forsendu arðsútreikninga. Niðurstöður talninganna nú undirstrika að Náttúrustofan hefur verið á réttri leið í mati á fjölda og dreifingu hreindýra á Austurlandi og munu þær skjóta traustari stöðum undir vöktun stofnsins. Æskilegt væri að telja hreindýr á vetrum á 3-5 ára fresti. Velja þarf talningatíma út frá tíðarfari og snjóalögum til að vetrartalning takist. Náttúrustofa Austurlands þakkar Umhverfisstofnuneytinu fyrir veittan styrk úr veiðikortasjóði svo og öllum þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóginn við þessa talningu.

Heimildir

- Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir 2014. Vöktun Náttúrustofu Austurlands 2013 og tillaga um veiðikvóta og ágangssvæði 2014. *NA-140135*.
- Veiðistjóraembættið. Vetrartalningarskýrslur 1991-1994 og 1997-1999. Handrit Náttúrustofu Austurlands. Vetrartalning 2001. Handrit.
- Skarphéðinn G. Þórisson. Vetrartalning 2002 í: Vöktun hreindýrastofnsins 2001-2002 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta árið 2003. *NA-030048*.
- Rán Þórarinsdóttir 2004. Vetrartalning 2003 í: Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2005. *NA-04-ónúmerað*.
- Rán Þórarinsdóttir 2005. Vetrartalning 2005 í: Tillaga Náttúrustofu Austurlands um ágangssvæði og veiðikvóta 2006. *NA-05-ónúmerað*.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: na@na.is
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 • Netfang: skarpheinn@na.is